

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Sauðárkróki.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 3. gr. í samþykkt um hundahald á Sauðárkróki nr. 162/1974, skal vera kr. 7.500, með gjalddaga 1. maí.

Eindagi er 30. júní og reiknast dráttarvextir frá eindaga, sé eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 5.000. Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 500 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sauðárkróks staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 19. júní 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 468/1993 um sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim.

1. gr.

Reglugerð nr. 468/1993 um jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim, er hér með úr gildi felld.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi 1. júlí 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.